



Reykjavík 30. desember 2022

Niðurstaða athugunar á aðgreiningu gjalda hjá Valitor hf.

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands hóf í nóvember 2021 athugun á framkvæmd við aðgreiningu gjalda hjá Valitor hf. (Valitor eða félagið).

Markmið athugunarinnar var að kanna hvort félagið uppfyllti þær skyldur sem hvíla á færsluhirðum skv. 1. og 2. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) 2015/751 frá 29. apríl 2015 um milligjöld fyrir kortatengdar greiðslur, sem fékk lagagildi hér á landi með gildistöku laga nr. 31/2019 (reglugerðin). Óskað var eftir upplýsingum um hvernig félagið uppfylli framangreind ákvæði um aðgreiningu gjalda. Þá var jafnframt óskað eftir afriti af fyrstu tíu uppgjörum og tilboðum til viðtakenda greiðslna á árinu 2021 hjá félaginu. Niðurstaða lá fyrir í október 2022.

Miðað við fyrirliggjandi gögn og upplýsingar var niðurstaða fjármálaeftirlitsins að á þeim tíma sem athugunin náði til hafi Valitor brotið gegn 1. mgr. 9. gr. reglugerðarinnar þar sem ljóst var að í tíu fyrstu uppgjörum ársins 2021 var í engu tilviki að finna sundurliðun gjalda. Í ákvæðinu kemur fram að færsluhirðir skuli bjóða og innheimta þjónustugjöld söluaðila aðgreint fyrir hvern flokk og mismunandi vörumerki greiðslukorta með mismunandi milligjald nema viðtakendur greiðslna óski skriflega eftir því að innheimta fari fram í sameiginlegum pakka.

Fram kom í svörum félagsins að sundurliðun gjalda hafi ekki verið kynnt fyrir viðtakendum greiðslna á þessum tíma áður en gengið hafi verið frá samningi. Í svari félagsins hinn 17. mars 2022 fylgdu með afrit af tilboðum þar sem fram kom hvernig sundurliðun gjalda væri nú kynnt fyrir viðtakendum greiðslna á grundvelli 1. mgr. 9. gr. reglugerðarinnar. Það er mat fjármálaeftirlitsins að framangreind framsetning uppfylli kröfur 1. mgr. 9. gr. reglugerðarinnar.

Einnig var það niðurstaða fjármálaeftirlitsins að sú framkvæmd sem félagið viðhafði á þeim tíma sem athugunin tók til hafi brotið gegn 2. mgr. 9. gr. reglugerðarinnar þar sem í ofangreindum afritum var hvorki að finna sundurliðun gjalda í samningum né skriflegar óskir frá viðtakendum greiðslna um að gjöldin yrðu innheimt án aðgreiningar. Í ákvæðinu er kveðið á um að gjöld skuli vera sundurliðuð í samningum færsluhirða við viðtakendur greiðslna, nema skrifleg ósk berist um annað. Í afritum af samningsformum sem send voru fjármálaeftirlitinu hinn 23. ágúst 2022 kom fram sundurliðun gjalda í samningum á grundvelli 2. mgr. 9. gr. reglugerðarinnar og er það mat fjármálaeftirlitsins að sú framsetning uppfylli kröfur framangreinds ákvæðis.